

Í nýtingu jarðvarma felast margvísleg tækifæri

Eftir Gunnar Braga Sveinsson

Um þessar mundir eru 1,2 milljarðar manna í heiminum sem ekki eiga greiðan aðgang að rafmagni og þar af eru um 2,9 milljarðar sem verða að mæta orkuþörf sinni með því að brenna við og taði. Á sama tíma fer orkuþörf jarðarbúa ört vaxandi. Það er því ljóst að útilokað er að vinna bug á fátækt ef ekki verður unnið að því að auka aðgengi að orku fyrir fátæka. Í víðara samhengi er enn fremur útilokað að finna framtíðarlausn á loftslagsvandinum án þess að auka nýtingu á hreinni orku.

Á fundi þróunarnefndar Alþjóða-



Gunnar Bragi Sveinsson

bankans í dag verða orkumál á alþjóðavísu í brennidepli. Þar mun ég ásamt öðrum ráðherrum í nefndinni ræða áskoranir þróunarlanda við að mæta aukinni orkuþörf og hvernig við tryggjum jafnan aðgang að orku fyrir alla, ásamt því að huga að umhverfinu. Eitt brýnasta verkefnið á alþjóðavettvangi nú um stundir er að styðja þróunarriki í að mæta orkuþörf sinni með nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkulinda þar sem þess er kostur. Með þeim hætti má stuðla að framþróun og takmarka áhrif aukinnar orkuframleiðslu á losun gróðurhúsalofttegunda.

Í mínum huga er aukin nýting

bankans í dag verða orkumál á alþjóðavísu í brennidepli. Þar mun ég ásamt öðrum ráðherrum í nefndinni ræða áskoranir þróunarlanda við að mæta aukinni orkuþörf og hvernig við tryggjum jafnan aðgang að orku fyrir alla, ásamt því að huga að umhverfinu. Eitt brýnasta verkefnið á alþjóðavettvangi nú um stundir er

» Eitt brýnasta verkefnið á alþjóðavettvangi nú um stundir er að styðja ríki í að mæta orkuþörf sinni með nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkulinda

jarðhita í þróunarlöndum leið sem getur mætt öllum þessum erfiðu áskorunum og er ánægjulegt að sjá hversu mikil vakning er um hve mikilvæg þessi leið er á alþjóðavettvangi. Á síðustu árum hefur Ísland lagt áherslu á orkumál í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Við höfum til að bera mikla sérfræðipækkingu og áratuga reynslu á þessu sviði sem er vandfundin í heiminum.

Alþjóðabankinn er mikilvægur

samstarfsaðili á þessu sviði, enda einn helsti opinberi fjármögnunar- aðili orkuverkefna í fátækustu þróunarríkjunum. Ísland hefur um langt skeið unnið að því að beina augum bankans að þeim möguleikum sem felast í nýtingu jarðhita og er sú vinna loks farin að skila góðum árangri. Samstarfsverkefni okkar um að hraða jarðhitanýtingu í Austur-Afríku er stórt skref í rétta átt og hefur verkefnið víða vakið verðskuldaða athygli. Er það áætlan íslenskra stjórnvalda að styðja enn frekar við þetta verkefni á komandi mánuðum.

Jarðhiti er vannýtt orkuauðlind sem býður upp á mikil tækifæri. Þetta þekkjum við Íslendingar best sjálf, enda lagði jarðvarminn og nýting hans grunn að efnahagslegum framförum og framþróun Íslands fyrir ekki svo mörgum áratugum. Nýting jarðhita getur einnig

orðið mikilvægur liður í að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga í heiminum og er Ísland komið í alþjóðlegt forystuhlutverk í myndun alþjóðlegs samstöðuhóps um jarðhitanýtingu. Þannig er Ísland orðið röðda jarðhitans á alþjóðavettvangi og með þeirri umræðu stuðlum við að auknum fjárhagslegum stuðningi við þetta mikilvæga málefni.

Framtíðarsýn Alþjóðabankans er útrýming fátæktar og tekur Ísland virkan þátt í að sú sýn verði að veruleika. Verkefnið er stórt og glíma þarf við margs konar áskoranir. Á sviði endurnýjanlegrar orku mun Ísland leggja sitt af mörkum í formi sérþekkingar og reynslu af jarðhitanýtingu. Þessari þekkingu ætlum við að miðla áfram og þannig stuðla að bættum lífskjörum í fátækari ríkjum heimsins.

Höfundur er utanríkisráðherra.

